
Aukin framleiðsla á laxi um 5.800 tonn í Dýrafirði á vegum Arctic Sea Farm Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 25. október 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Arctic Sea Farm (ASF) að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar um 5.800 tonn í kynslóðaskiptu eldi í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: 10.000 tonna laxeldi í Dýrafirði. Framleiðsluaukning um 5.800 tonn í kynslóðaskiptu eldi. Arctic Sea Farm, júlí 2017.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Ísafjarðarbæ, með bréfi dags. 17. nóvember 2017.
- Fiskistofu, með bréfi dags. 8. desember 2017.
- Hafrannsóknastofnun, með bréfi dags. 12. desember 2017.
- Matvælastofnun, með bréfi dags. 17. nóvember 2017.
- Minjastofnun Íslands, með bréfi dags. 16. nóvember 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, með bréfi dags. 22. nóvember 2017.
- Orkustofnun, með bréfi dags. 28. nóvember 2017.
- Samgöngustofu, með bréfi dags. 10. nóvember 2017.
- Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 20. nóvember 2017.

Engar athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Framkvæmdalýsing

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að ætlunin sé að framleiða 10.000 tonn af laxi í Dýrafirði. Um er að ræða framleiðsluaukningu um 5.800 tonn, til viðbótar þeim 4.000 tonnum sem ASF hefur áður fengið starfsleyfi fyrir í Dýrafirði. ASF áformar að bæta við einu nýju eldisvæði utarlega í firðinum undir Skagahlíð og samhliða því stækka áður tilkynnt svæði við Haukadalsbót og Gemlufall en halda Eyrarhlíð af sömu stærð. Fram kemur að stærð eldisvæða séu miðuð við að geta rúmað í það minnsta 20 eldiskvíar, þar sem hver eldiskví hafi a.m.k. 1 hektara rými. Til að lágmarka umhverfisáhrif sé stærð svæðanna nægjanlega rúmt til að færsla á kvíþyrpingum innan



eldissvæða verði möguleg. Þannig megi hvíla hafsbotninn í lengri tíma eftir að slátrun sé lokið, þar sem áhrif af lífrænu botnfalli séu staðbundin. Heildarstærð eldissvæðanna verði 1170 ha, þar af sé eldissvæðið við Gemlufall 250 ha, Haukadalsbót 340 ha, Eyrarhlíð 300 ha og svæðið við Skagahlíð 280 ha.

Fram kemur að eldið verði kynslóðaskipt, aðeins sé einn árgangur á hverju eldissvæði. Áætlað sé að eldið taki að hámarki 30 mánuði og hvert svæði verði hvílt að lágmarki 3 mánuði áður en hafið verði eldi á nýjum árgangi.

Í frummatsskýrslu þarf, auk þess sem lýst er í tillögu að matsáætlun, að gera grein fyrir tengdri starfsemi á landi, svo sem vegna þjónustu við kvíar og löndun.

Eðlisþættir sjávar og burðarþol

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mati á burðarþoli Dýrafjarðar og rannsóknnum á straumkerfum, sjávarhita og lagskiptingu og súrefnismettun sjávar í firðinum. Fjallað verði um áhrif fiskeldisins á súrefnisstyrk sjávar og næringarefni í sjó. Fram kemur að eingöngu ASF hafi leyfi til laxeldis í Dýrafirði.

Umhverfisstofnun bendir á að burðarþol sé metið út frá hámarkslífsmassa og sé það ekki sama stærð og framleiðsla og beri að skýra vel frá þessum stærðum eldis í frummatsskýrslu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framleiðslan verði innan burðarþolsmats og verði gerð skýr grein fyrir framleiðslustærðum í frummatsskýrslunni.

Hafrannsóknarstofnun bendir á að fjalla verði ýtarlega um fjarlægðarmörk á milli eldissvæða í væntanlegu eldi og setja þann þéttleika sem eldi á 10.000 tonn af laxi er í samhengi við þéttleika í innlendum og erlendum fjörðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir fjarlægðarmörkum frummatsskýrslunni, sem og þéttleika eldisins.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað eldi samrýmist forsendum burðarþolsmats fyrir Dýrafjörð og mat lagt á áhrif áætlaðs eldis á vatnsgæði og botndýralíf vegna lífræns úrgangs á eldissvæðinu. Þetta er nauðsynlegt með hliðsjón af því að nokkur stór hluti eldissvæðanna við Haukadalsbót og Skagahlíð eru undir 25 m að dýpt og ASF tilgreinir í matsáætlun að eldiskvíarnar verði staðsettar á svæðum á meira sjávardýpi en 25 metrar og þarf að leiðandi skerðast möguleikar ASF að færa til kvíar innan eldissvæðanna til að dreifa lífrænu álagi eins og til stendur að gera. Einnig vill Skipulagsstofnun taka undir með Hafrannsóknastofnun að ýtarlega þurfi að fjalla um fjarlægðarmörk, með hliðsjón af reglugerð nr. 105/2000 um flutninga og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum, þar sem segir að vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km.

Lífrænt álag og botndýralíf

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að metin verði áhrif eldisins á botndýralíf undir eldiskvíum og á nærsvæði eldissvæða. Fjallað verði um áhrif þess að hvíla eldissvæði hvað varðar endurnýjunartíma botnsets og botndýralífs. Gerð verði grein fyrir fyrirbyggjandi rannsóknum og þeim viðbótarrannsóknum sem gerðar hafi verið.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur áherslu á að mikilvægt sé að lífríki botnsins á þeim svæðum sem fyrirhugað sé að hafa sjókvíar verði kortlagt. Ekki sé nægilegt að heimfæra rannsóknir frá einum stað yfir á önnur svæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ASF taki reglulega sýni af botnseti við sjókvíar sínar og leggur mat á lífríki botnsins samkvæmt ASC staðlinum.



Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar. Í frummatsskýrslu þurfa að liggja fyrir rannsóknir á botndýralífi innan og utan fyrirhugaðra eldissvæða fyrir seinna tíma samanburð milli svæða með og án eldis. Þá þarf að leggja mat á áhrif eldisins á botndýralíf m.t.t. skipulags eldisins, uppsöfnunar næringarefna, súrefnisnotkunar og burðargetu svæðisins.

Fisksjúkdómar og laxalús

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hugsanlegum smitleiðum laxalúsar og smitsjúkdóma frá eldissvæðum. Unnið verði mat á sjúkdómaáhættu með tilliti til villtra laxastofna. Einnig verði gert grein fyrir mögulegum áhrifum laxalúsar á villta laxfiskastofna, svo sem bleikju og urriðastofna í Dýrafirði sem og hugsanlegum smitleiðum laxalúsar og smitsjúkdóma frá eldissvæðum.

Hafrannsóknastofnun telur að gera þurfi grein fyrir sjúkdómum í eldisfiski og reynslu fyrirtækisins varðandi sjúkdóma í eldi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir sjúkdómum í eldisfiski og reynslu ASF í þeim efnum.

Umhverfisstofnun bendir á að gera verður betur grein fyrir því hvernig hinda skuli smitleiðir blóðvatns milli sláturstaðar og sjávar þegar eldisfiski er slátrað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir hindrun á smiti frá blóðvatni.

Matvælastofnun samþykkti ekki alls fyrir löngu lyfjameðhöndlun til varnar laxalús í sjókvíum í Arnarfirði, sunnan Dýrafjarðar, sem eru viðbrögð við aukinni laxalús í firðinum. Skipulagsstofnun telur að þetta undirstriki það sem fram hefur komið í umsögnum í þessu máli og öðrum sambærilegum, að hætta getur verið á lúsafaraldri frá fiskeldi, sérstaklega þar sem þéttleiki eykst og fjöldi eldisfiska í sama vatnshloti því samhliða. Því telur Skipulagsstofnun mikilvægt að við mat á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjó sé sett fram spá um líklegar smitleiðir lúsasmits og smitsjúkdóma frá fyrirhuguðum eldissvæðum. Fisksjúkdómar og laxalús berast með straumum í yfirborði sjávar og því er þekking á yfirborðsstraumum á eldisstað nauðsynleg til að hægt sé að meta líklegt rek lúsafirra og smits frá eldinu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spá um líklega dreifingu smitsjúkdóma og laxalúsar frá eldissvæðum fyrirhugaðs eldis, byggt á niðurstöðum mælinga á yfirborðsstraumum á eldissvæðum og öðrum fyrirliggjandi gögnum. Meta þarf áhættu af þeim þáttum fyrir villta laxfiska í Dýrafirði og á Vestfjörðum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða fyrirkomulag er áformað til að koma í veg fyrir að smit berist í sjó þegar eldisfiski er slátrað.

Villtir laxastofnar

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir mögulegum áhrifum strokulaxa á erfðamengi náttúrulega laxastofna á Vestfjörðum. Stuðst verði við erlendar rannsóknir og skýrslu Hafrannsóknastofnunar um áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Einnig verður fjallað um búnað og verklag sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.

Umhverfisstofnun vekur sérstaklega athygli að samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar beri að vakta Laugardalsá, Langadalsá og Hvanndalsá í Ísafjarðardjúpi vegna hættu á erfðablöndun.

Náttúrufræðistofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að meta hættu á erfðablöndun villtra laxastofna í Dýrafirði vegna fyrirhugaðs laxeldis ASF. Rannsóknir bendi til þess að lax, urriði og bleikja hrygni í Dýrafirði en óvissa sé um stærð laxfiskastofna. Bent sé á að litlir stofnar geti haft það til að vera mikilvægar erfðaauðlindir.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir áhættu erfðablöndunar við laxastofna í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á erfðablöndum við villtan lax, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar, og það mat byggji meðal annars á reynslu og þekkingu sem aflað hefur verið í sjókvíaelði á Íslandi til þessa, áætlun um fjölda fiska sem sleppa úr eldi og upplýsingum um útbreiðslu og þéttleika laxfiska á Vestfjörðum og staðsetningu laxveiðiaá á Vestfjörðum og Vesturlandi. Jafnframt þarf að fjalla um hvernig fyrirhuguð framkvæmd samræmist áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Jafnframt þarf að gera ítarlega grein fyrir öryggisþáttum er varða eldisbúnað og verklag, sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.

Annað lífríki

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum um fuglalíf í Dýrafirði. Einnig verði stuðst við almennar heimildir og gögn um sjófugla við strendur landsins. Gerð verður grein fyrir sjávarspendýrum í frummatsskýrslunni og mögulegum tjónum tengdum selum og hvólum. Fjallað verði um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á þekkt kalkþörungasvæði í nágrenni eldissvæða.

Umhverfisstofnun bendir á að Sýslumaðurinn á Vestfjörðum hafi friðlýst æðarvarp á Höfðaodda í landi jarðarinnar Höfða í Dýrafirði. Fyrir þær sakir telur Umhverfisstofnun að mikilvægt sé að mat á áhrifum eldis á þetta varp sé athugað sérstaklega og hættuna á mögulegu afráni fugla sem laðast að lífrænum úrgangi fiskeldis. Sérstaklega er bent á eldisstöð við Gemlufall vegna nálægðar við varp.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir áhrifum eldis á æðarvarp í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif eldisins á fiskseiði í Dýrafirði og mögulega skerðingu á búsvæðum og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska í firðinum vegna fyrirhugaðs eldis og núverandi fiskeldisstarfsemi í Dýrafirði. Einnig verður að fjalla um möguleg áhrif lúsameðhöndlunar á skeldýr s.s. rækju og áhrif á búsvæði skeldýra í samhengi við það hlutfall af flatarmáli fjarðarins sem fer undir eldiskvíar.

Siglingaleiðir og haf- og strandnytjar

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir veiðum fiskiskipa í Dýrafirði, sem byggji á upplýsingum úr veiðidagbókum Hafrannsóknastofnunar. Lagt verði mat á áhrif eldisins á veiðar nytjastofna og nýtingu kalkþörungna á hafsbótnei.

Orkustofnun bendir á að taka verður tillit til niðurstaðna rannsókna sem Íslenska kalkþörungafélagið lét gera í Dýrafirði og hagnýtingar kalkþörungasetts, malar, sands og skeljasands.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verður tillit til fyrirbyggjandi rannsóknarniðurstaðna á svæðinu.

Hafrannsóknastofnun bendir á að gera verður betur grein fyrir dýpi á eldissvæðum og sýna fram á að siglingaleið inn fjörðinn verði greið og ásættanleg.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði um dýpi á eldissvæðum og siglingaleiðir með hliðsjón af staðsetningu kvía.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta hliðaráhrif lyfjanotkunar í eldinu á haf- og strandnytjar. Í því samhengi verður að gera grein fyrir þróun rækjuveiði og mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á þær, sérstaklega áhrif lúsameðhöndlunar á skeldýr þekktra áhrifa sem fylgir notkun lyfja á skeldýrstofna. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um möguleg áhrif eldiskvía á siglingaleiðir með hliðsjón af dýpt þeirra svæða sem skilgreint eru sem eldissvæði.



Vöktun

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir vöktunaráætlun vegna þekktra umhverfisáhrifa á vistkerfi og lífríki á nærsvæði framkvæmdarinnar. Í henni verði m.a. kynnt viðbragðsáætlun, verkferlar, vöktunarrannsóknir og tillögur að mótvægisáðgerðum vegna mögulegra slyssleppinga byggt á reynslu og þekkingu af eldi í sjókvívum.

Skipulagsstofnun áréttar að í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að starfsemin er komin í rekstur. Þar þarf að gera grein fyrir áformaðri vöktun á ástandi sjávar, byggt á staðlinum ISO 12878, smitsjúkdómum og lúsasmiti, sleppingum og eldisbúnaði. Í vöktunaráætlun þurfa að koma fram viðmið sem notuð verða til að meta ástand viðkomandi umhverfisþáttar. Í frummatsskýrslu þarf einnig að setja fram viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef niðurstöður vöktunar sýna fram á að álag umfram sett viðmið. Varðandi framkvæmd súrefnismælinga vísar stofnunin til leiðbeininga OSPAR¹.

Valkostir

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að framkvæmdaraðili setur aðeins fram einn valkost vegna fyrirhugaðar framkvæmdar, auk núllkosta. Að mati framkvæmdaraðila er eini raunhæfi möguleikinn á uppbyggingu sjálfbærs og vistvæns sjókvíaeldis á Vestfjörðum kynslóðaskipt eldi með hvíld.

Samkvæmt lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu lýsa öðrum möguleikum um framkvæmdakosti sem til greina koma. Þá skal bera saman umhverfisáhrif þeirra kosta sem kynntir eru og rökstyðja valkost framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

Vegna þess álags og þeirrar áhættu sem fylgir stórtæku laxeldi í sjó með laxi af norskum uppruna á villta íslenska laxastofna, sem og mögulegra áhrifa á botndýralíf, smitsjúkdóma og laxalús, þarf í frummatsskýrslu að gera ítarlega grein fyrir öðrum framkvæmdakostum sem koma til greina. Í samhengi verður að fjalla um möguleika á eldi með þrílitna ófrjóum laxi. Einnig verður að meta möguleika á eldi í lokuðum kerfum eða á landi, til að ná markmiði framkvæmdarinnar og bera saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Brýnt er að sú umfjöllun byggji á bestu fánlegum upplýsingum um stöðu fiskeldis með geld- og kynlausum fiski, eða í lokuðum kerfum, þar sem reynsla er komin af slíku.

Samlegðaráhrif

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að ætlunin sé að framleiða 10.000 tonn af laxi í Dýrafirði. Um er að ræða framleiðsluaukningu 5.800 tonn, til viðbótar þeim 4.000 tonnum sem ASF hefur í Dýrafirði. ASF áformar að bæta við einu nýju eldisvæði utarlega í firðinum undir Skagahlíð og samhliða því stækka áður tilkynnt svæði við Haukadalsbót og Gemlufall en halda Eyrarhlíð af sömu stærð. Fram kemur í matsáætlun framkvæmdaraðila að lagt verði mat á möguleg samlegðaráhrif af laxeldi sem þegar er hafið og fyrirhugað á Vestfjörðum. Sérstaklega verði horft til samlegðaráhrifa af stroki eldislax og samlegðaráhrif af auknum umsvifum frá laxeldi á Vestfjörðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnun benda á að fjarlægð á milli eldissvæða ASF verði í innan við 5 km fjarlægð. Framkvæmdaraðili bendir á að til grundvallar þeirri fjarlægð sé að eldissvæði séu aðskilinn í sitt hvoru straumkerfinu. Hafrannsóknastofnun telur þetta sé mjög ósennilegt að og bendir á að útskýra þurfi þessa ályktun í frummatsskýrslu og gera grein fyrir þeim gögnum sem styðja þá ályktun því samhliða. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera grein fyrir

¹ OSPAR Commission 2013. Revised JAMP Eutrophication Monitoring Guideline: Oxygen.
<http://mcc.jrc.ec.europa.eu/documents/201606235006.pdf>



hvers vegna ætti að leyfa undanþágu frá fjarlægðamörkum þar sem augljóst sé að tilkoma eldisins muni auka hættu á því að smit og laxalús berist milli eldissvæða.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á samlegðaráhrif og gagnvirk áhrif núverandi og fyrirhugaðs fiskeldis á Vestfjörðum sem og þær forsendur fyrir því að að víkja frá meginreglunni um 5 km fjarlægð milli eldissvæða. Einnig þarf að meta samlegðaráhrif á botndýralíf, smitsjúkdóma, laxalús, villta laxastofna og siglingar og aðrar sjávarnytjar, sem og á landslag. Þar sem mælingar liggja fyrir úr vöktun á núverandi starfsemi í Dýrafirði, verði byggt á þeim við mat á áhrifum.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Arctic Sea Farm að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Varðandi framkvæmdalýsingu þarf í frummatsskýrslu, auk þess sem lýst er í tillögu að matsáætlun, að gera grein fyrir tengdri starfsemi á landi, svo sem vegna þjónustu við kvíar og löndun.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað eldi samrýmist forsendum burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar fyrir Dýrafjörð.
3. Í frummatsskýrslu þurfa að að liggja fyrir rannsóknir á botndýralífi innan og utan fyrirhugaðra eldissvæða fyrir seinna tíma samanburð milli svæða með og án eldis. Auk þess þarf að leggja mat á áhrif eldisins á botndýralíf m.t.t. skipulags eldisins, uppsöfnunar næringarefna, súrefnisnotkunar og burðargetu svæðisins.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spá um líklega dreifingu smitsjúkdóma og laxalúsar frá eldissvæðum fyrirhugaðs eldis, byggt á niðurstöðum straummælinga á eldissvæðum. Meta þarf áhættu af þeim þáttum fyrir villta laxfiska í Dýrafirði og á Vestfjörðum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða fyrirkomulag er áformað til að koma í veg fyrir að smit berist í sjó þegar eldisfiski er slátrað.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir og meta hættu á að fiskur sleppi úr eldiskvíum og hverjar afleiðingar slíkra sleppinga geta orðið. Meta þarf hættu á erfðablöndun villtra laxastofna vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Slíkt mat byggi meðal annars á áætlun um fjölda fiska sem sleppa úr eldi, upplýsingum um útbreiðslu og þéttleika laxfiska á Vestfjörðum og staðsetningu laxveiðiaá á Vestfjörðum og á Vesturlandi.
6. Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera ítarlega grein fyrir öryggisþáttum er varða eldisbúnað og verklag, sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.
7. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif eldisins á varp æðarfugls í Dýrafirði, með hliðsjón af friðlýstu æðarvarpi á Höfðaodda.
8. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif eldisins á fiskseiði í Dýrafirði og mögulega skerðingu á búsvæðum seiða í firðinum vegna fyrirhugaðs fiskeldisstarfsemi í Dýrafirði.
9. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif á sjótengda starfsemi og siglingar í Dýrafirði.
10. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að starfsemin er komin í rekstur. Þar þarf að gera grein fyrir áformaðri vöktun á ástandi sjávar og botndýralífi, byggt á staðlinum ISO 12878, smitsjúkdómum og lúsasmiti, sleppingum og eldisbúnaði. Í vöktunaráætlun þurfa að koma fram viðmið sem notuð verða til að meta ástand viðkomandi umhverfisþátta. Einnig viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef niðurstöður vöktunar sýna fram á álag umfram sett viðmið.
11. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir öðrum framkvæmdakostum, svo sem með eldi á þrílitna ófrjóum laxi. Einnig eldi í lokuðum kerfum eða á landi til að ná markmiði framkvæmdarinnar og bera saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Brýnt er að sú umfjöllun byggi



á bestu fánlegum upplýsingum um stöðu fyrrgreinda eldisaðferða, þar sem reynsla er komin af slíku.

12. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á samlegðaráhrif og gagnvirk áhrif fyrirhugaðs fiskeldis í Dýrafirði með tilliti til strauma. Það varðar forsendur til að víkja frá reglunni um 2 km fjarlægð milli innbyrðis eldissvæða og áhrif á botndýralíf, smitsjúkdóma, laxalús, villta laxastofna og siglingar sem og aðrar sjávarnytjar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 19. febrúar 2018

Jakob Gunnarsson

Ómar Ingbórsson